



## NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

# „Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, nr. 1106/2015“

Nr. S-9/2025 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

### 1. Þátttaka

|                | Einstaklingar           | Lögaðilar/félagasamtök                 |
|----------------|-------------------------|--|
| Umsagnaraðilar | Grétar Baldursson       | Heiðaró ehf.                           |
|                | Jón Páll Haraldsson     | Samtök Íslenskra<br>handverksbrugghúsa |
|                | Sigurður Halldórsson    | Félag atvinnurekenda                   |
|                | Egill Gauti Þorkelsson  | Vandað ehf.                            |
|                | Skúli Þór Ingimundarson | Dista ehf.                             |
|                | Örn Leó Stefánsson      | Fágun, félag áhugafólks um gerjun      |
|                |                         |  |
| Samtals        | 6                       | 6                                      |

Upplýsingar um málfeni, umsagnarfrest og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: <https://island.is/samradsgatt/mal/3894>

### 2. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

Alls bárust umsagnir frá 12 aðilum; sex einstaklingum og sex lögaðilum og félagasamtökum, sbr. framangreindan lista yfir umsagnaraðila. Í eftirfarandi umfjöllun verður gerð grein fyrir helstu atriðum sem komu fram í umsögnum þeirra og reifuð afstaða ráðuneytisins til þeirra.

#### Eftirspurn tekur mið af seldu magni (rúmmáli) af áfengum drykkjum

Í umsögnum fimm aðila er gerð athugasemd við að meta eigi eftirspurn út frá heildarrúmmáli af áfengi sem selt er á tilgreindu tímabili. Aðilar telja að það sé ekki góður mælikvarði við mat á eftirspurn. Að þeirra mati kann mælikvarðinn að leiða til þess að birgjar muni lækka verð á áfengi í þeim tilgangi að auka solumagnið. Það geti leitt til aukinnar neyslu á áfengi sem er í andstöðu við það markmið laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011, að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu, sbr. b-lið 2. gr. laganna. Þá muni mælikvarðinn leiða til einsleitni í vöruvali ÁTVR. Áfengi, t.a.m. bjór, sem framleiddur er af litlum framleiðanda, þar sem framleiðslukostnaður er hærrí og söluverð þar með hærra, má síns lítils

gagnvart innfluttum, fjöldaframleiddum og þar með ódýrari bjór. Ódýrari áfengistegundir í skjóli rúmmálmælinga sölu muni því taka yfir það pláss sem er í boði í verslunum ÁTVR.

➤ **Afstaða ráðuneytisins**

Samkvæmt 5. mgr. 11. laga um verslun með áfengi og tóbak, nr. 86/2011 skulu reglur um vöruúrval fyrst og fremst miða að því að tryggja fjölbreytt vöruúrval. Við það skal m.a. höfð hliðsjón af eftirspurn kaupenda, jafnframt því að tryggja framleiðendum og birgjum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í áfengisverslunum. Til að tryggja áfram fjölbreytni í vöruúrvali, og til að koma til móts við þarfir og væntingar kaupenda, er gert ráð fyrir því að ÁTVR taki, samhliða breytingu á reglugerðinni, skipan vöruhópa til endurskoðunar. Þannig að eðlislíkum vörum verði réttléga skipað saman í vöruhópa sem keppi þar innbyrðis á jafnræðisgrundvelli.

**Skrá yfir söluárangur vara í reynsluflokki verður birt að liðnu hverju reynslusölu tímabili**

Í umsögunum fimm aðila er gerð athugasemd við fyrirhugaða breytingu á 16. gr. reglugerðarinnar þess efnis að ÁTVR muni framvegis aðeins birta skrá yfir söluárangur allra vara í reynsluflokki að liðnu hverju reynslusölu tímabili. Aðilar telja að breytingin muni ekki koma í veg fyrir að birgjar geti haft áhrif á eftirspurn áfengis með því að stunda sjálfir kaup á vörunni í verslunum ÁTVR.

➤ **Afstaða ráðuneytisins**

Breytingunni er ætlað að stemma stigu við að birgir geti haft áhrif á eftirspurn áfengis með því að kaupa sjálfur vöruna í verslunum ÁTVR. Breytingin mun ekki koma að öllu leyti í veg fyrir að birgjar geti haft áhrif á eftirspurnina en mun gera þeim erfiðara fyrir að hafa áhrif á að vara þeirra komist inn í kjarna flokk að reynslutíma loknum. Markmiðið með breytingunni er að tryggja, eins og kostur er, að allir birgjar, sem eru með vörur í reynsluflokki, sitji við sama borð við mat á söluárangri vara að reynslutíma loknum.

**Vörur sem falla úr sölu í kjarna flokki komast ekki í reynslusölu fyrr en að tólf mánuðum liðnum**

Í umsögnum þriggja er gerð athugasemd við fyrirhugaða breytingu á 18. gr. reglugerðarinnar þess efnis að vara sem fellur úr sölu í kjarna flokki þar sem hún náði ekki árangursviðmiðum flokksins sé ekki gjaldgeng í reynslusölu á ný fyrr en að tólf mánuðum liðnum. M.a. sé hætta á að birgir sitji uppi með birgðir sem hann geti ekki komið aftur í sölu í áfengisverslunum ÁTVR fyrr en að tólf mánuðum liðnum.

➤ **Afstaða ráðuneytisins**

Jafnræðissjónarmið búa að baki breytingartillögunni. Rétt þykir að sama regla gildi um vörur í kjarna flokki líkt og nú þegar gildir um vörur í reynsluflokki. Mánaðarlega upplýsir ÁTVR birgja um söluárangur vara hans sem eru til sölu í kjarna flokki. Birgir hefur því undir höndum greinargóðar upplýsingar um lagerstöðuna á hverjum tíma og ætti þar af leiðandi að geta hagað innkaupum sínum í samræmi við það. Breytingunni er enn fremur ætlað að tryggja að fleiri framleiðendur og birgjar hafi möguleika á að koma vörum sínum í sölu í áfengisverslunum líkt og gerð er krafa um í 5. mgr. 11. laga nr. 86/2011.

**Breytingar á 7. gr. reglugerðarinnar – viðbótargögn með umsókn um sölu**

Í tveimur umsögnum eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á 7. gr. reglugerðarinnar þess efnis að með umsókn birgis um sölu á vöru í verslunum ÁTVR skuli fylgja með ljósmyndir af öllum flötum umbúða vöru og hlutlæg lýsing á bragðeinkennum vöru. Í ljósi framkominna athugasemda er þörf á að skoða þetta atriði nánar. Því er fallið frá fyrirhuguðum breytingum.

**Breytingar á 4. gr. reglugerðarinnar – skilgreining á orðinu birgir**

Í ljósi framkominnar athugasemdar umsagnaraðila er fallið frá því að fella brott skilgreininguna á orðinu birgir í 4. gr. reglugerðarinnar. Í staðinn er bætt við hana tilvísun til löggjafar um matvæli, nr. 93/1995. Það hafa komið upp mál þar sem aðili er með gilt leyfi til að stunda heildsölu áfengis

Í atvinnuskyni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1988 en er ekki með gilt starfsleyfi sem matvælafyrirtæki samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995. Hvoru tveggja þarf að vera til staðar.

### Annað

Varðandi fyrirhugaða breytingu á 18. gr. reglugerðarinnar um að þar verði kveðið á um að vörukaupasamningi verði sagt upp þegar vara í kjarnaflokki nær ekki árangursviðmiðum flokksins skal tekið fram að uppsagnarfrestur á vörukaupasamningi verður eftir sem áður þrjú mánuðir. Það fyrirkomulag á innkaupum og sölu sem verið hefur á uppsagnartíma og að honum loknum helst óbreytt.

Allar ábendingar sem bárust í samráðsgátt um efni reglugerðarinnar, þ.m.t. þær sem fjallað hefur verið um hér að framan, verða nýttar í þágu heildarendurskoðunar reglugerðarinnar sem stefnt er að á næstu misserum.

### 3. Næstu skref

Reglugerð um breytingu á reglugerð á reglugerð um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi, nr. 1106/2015, hefur verið birt í b-deild Stjórnartíðinda.